

Hér höfum við allan hópinn saman kominn á sviði eftir leiksýninguna á miðvikudagskvöldið. Enn er ekki að sjá þreytumerki á fólkinu, — eða hvað sýnist ykkur?

Herranótt Menntaskólans í Reykjavík hefur sýnt söngleikinn Lísu í Undralandi þrisvar sinnum í þessari viku við mjög góðar undirtektir, — betri en Herranótt hefur fengið í langan tíma. Gífurleg vinna hefur verið lögð í uppfærslu þessa verks, æfingar hafa verið í gangi dag og nótt í rúma 2 mánuði. Pétur Einarsson er leikstjóri og sá hann einnig um hönnun leiktjalda. Hann á hvað stærstan þátt í hversu vel hefir tekist, og má segja að hann hafi fengið það mesta út úr því fólki sem starfaði við Herranótt sem mögulegt var.

Lísa í Undralandi fær frábærar undirtektir

Menntskælingar hafa tekið tæknina í sína þjónustu, við gerð leiktjalda. Hafa þau vakið mikla athygli, og lof flestra. Fjórar skuggamyndasýningarvélar varpa stanslaust myndum á þrjá stóra sýningafleti sem gerðir eru úr tuttuguogþremur pappastrimlum er hengdir eru upp í loftið og mynda bakgrunn leiksviðsins. Inn í leikritið flétt-ast slidesmyndashow er sýnir þær breytingar er verða á Lísu meðan hún dvelst í Undralandi. Tónlistin sem leikin er undir hinum ýmsu lögum, er sungin eru í leikritinu, hefur einnig vakið verðskuldaða athygli. Jóhann G. Jóhannsson, sem er nemandi í MR, útsetti lögin og æfði söng og leik af mikilli nákvæmni, sem skilaði vissulega árangri, sem í minnum verður hafður. Tónlistin er tekin upp í upptökusal Péturs Steingrimssonar, sem er í Hallgrimskirkjuturni. Þar voru einnig tekin upp ýmis hljóð, ræður drottningar, söngur o.fl. sem notað er í leikritinu.

Dansar eru samdir og æfðir af Björgu Jónsdóttur, dansara við Þjóðleikhúsið og nemanda í Menntaskólanum. Þau Jóhann unnu síðan saman að uppfærslu söngsins og dansanna, en 8 músastelpur fara með aðaldanshlutverkin, auk þess, sem þær syngja töluvert.

Þrotlaus vinna 60 manna

Það er tvímælalaust mun erfiðara fyrir byrjendur í leiklistinni, en vana atvinnumenn, að ná þeim árangri, sem viðunandi og boðlegur getur talist. Sjaldan hefur jafnmikil vinna verið lögð í Herranótt og nú; kröfur leikara og leikstjóra hafa ekki verið meiri; og með virðingu fyrir öðrum verkum Herranætur teljum við, að sjaldan eða aldrei hafi betur tekist til en nú.

Yfir 60 manns lögðu hönd á plóginn, tóku þátt í talæfingum, lesæfingum, hreyfingaræfingum, söngæfingum, samæfingum, myndatökum, smíðavinnu og ýmsu því öðru, sem fylgir ævinlega uppsetningu leikverka. Allt hefur þetta dunið yfir þennan hóp á skömmum tíma enda varð raunin sú, að hinir 24 tímar sólarhringsins dugðu skammt, er tók að nálgast frumsýninguna.

Það þarf því engan að undra, að eftir frábærar móttökur á frumsýningunni, hafi ríkt mikil gleði á bak við leiktjöldin og góðum árangri mikillar vinnu var fagnað innilega.

Með aðalhlutverkið, Lísu í Undralandi, fer Vigdís Esradóttir, kötturinn er leikinn af Bjarna Ómari Ragnarssyni og í hlutverki Kanínunnar er Andri Örn Clausen.

Breytingar frá barnasögunni

Höfundurinn, Klaus Hagerup hefur breytt upprunalegu sögunni töluvert, þeirri sem Lewis Caroll samdi og hefur orðið fræg um allan heim. Þetta er ekki lengur fallega, saklausa barnaævintýrið um Lísu í Undralandi, sem heimsótti ævintýralandið og hreifst af fegurð þess og dásemdum, heldur er hér sagan um Lísu, sem sótti heim undraland nútímans, land gervimennsku, auglýsinga og kúgunar.

Persónurnar eru að vísu þær sömu, hattarinn, kötturinn, kanínan, hérinn, skjaldbakan, drottningin og Lísa. Þær eru jafn kúgaðar og í ævintýrinu, en áróðurinn sér fyrir því, að þær skilja það ekki.

Heimspeki hins nýja Undralands er sú, að það sé heimur án sorgar, heimur án gleði, þar sem ekkert er illt, ekkert er gott, þar sem allt er skemmtilegt. Filið ykkur í táraflóði, grátið með gleði, brosið með munninum, dansið með fótunum og syngið með öllu tiltæku. Það er hátíð í Undralandi, það er Tivoli í loftinu, það er sirkus í sálinni. Það eru snittur í matsalnum — stund skemmtana er runnin upp: Allt er í himnalagi, það er stórkostlegt að lifa, unaðslegt að deyja. Tími hugsana er liðinn, tími skemmtana er runninn upp.

Þessi heimur er fjölgyðistrúar og guðirnir eru Max Factor, Pierre Robert, Mary Quant o.s.frv. Helgistaðirnir eru snyrtivöru- og fataverslanir. Sumsé: paradís auglýsinga og poppbisnessmanna.

Leikmuni hefur Þóra Björk Jónsdóttir gert, en búningar eru að hluta fengnir að láni frá FI-OL leikhúsinu danska, en aðrir hlutir eru gerðir af nemendum. Eins og áður var sagt koma myndvörpur mikið við sögu, og annast Gunnar Steinn Pálsson stjórn þeirra, auk þess sem hann tók myndirnar. Teikningar eru gerðar af Guðmundi Gíslasyni, þýðingu annaðist Sigurður Snævarr.

Þær sýningar, sem þegar hafa verið ákveðnar eru þessar: föstudagskvöld 22. mars. klukkan 20.30 laugardagskvöld 23. mars klukkan 23.45, mánudagskvöld 25. mars klukkan 20.30.

Allar sýningarnar eru í Austurbæjarbíói og verða þær fleiri, ef aðsókn gefur tilefni til. Miðasalan er í Austurbæjarbíói alla daga.


UPPSELT Á ALLAR SÝNINGAR OG Í KVÖLD VERÐUR MIÐNÆTURSÝNING

Sýningar Veturliða og Hafsteins

Síðustu forvöð um helgina



Frá Súgandafirði nefnir Veturliði Gunnarsson þessa mynd sína.



Hafsteinn Austmann við eitt verka sinna á sýningunni.

Sýningar þeirra Hafsteins Austmans og Veturliða Gunnarssonar, sem staðið hafa síðan á laugardaginn var, ganga mjög vel. Veturliði hefur selt rúman helming mynda sinna eða um 40 stykki og Hafsteinn 15. í dag og á morgun eru síðustu forvöð að sjá sýningarnar því þeim lýkur á sunnudagskvöldið.

Hafsteinn Austmann sýnir að þessu sinni 49 myndir og eru þær flestar málaðar á síðustu árum utan nokkrar vatnslitamyndir sem hann gerði á árunum 1965. Verðið á myndum hans er frá 20 þúsundum upp í 140 þúsund krónur, sú dýrasta sem þegar er seld.

Það myndi æra óstöðugan að telja upp þær sýningar sem Hafsteinn hefur haldið eða tekið þátt í. Síðast sýndi hann í Bogasalnum árið 1971. Hann hefur selt myndir sínar víða og eru erlend söfn í Danmörku, Frakklandi og Ameriku í hópi kaupenda.

Sýning Veturliða er öllu stærri og sýnir hann rúmlega 70 myndir. Eru myndirnar frá ýmsum árum. Margar þeirra hafa áður sést á sýningum en einnig eru nýjar myndir innan um. Pastelmyndir eru í meirihluta á sýningunni og hafa þær vakið hrifningu sýningargesta ef hægt er að miða við myndakaup þeirra.

Mikið ber á myndum frá Vestfjörðum en ýmiss konar fantasíur gefur einnig að líta á sýningunni. Myndir Veturliða kosta frá 35 þúsundum sem er verðið á öllum pastelmyndunum upp í 120 þúsund sem er dýrasta olíumálverkið.

Eins og áður sagði eru síðustu forvöð að sjá sýningarnar í dag og á morgun og eru þær opnar frá klukkan 14 til 22 báða dagana.

—ÞH